

Mánudaginn 25. apríl 1988.  
 Nr. 103/1988. **Lífeyrissjóður verkalýðsfélaganna**  
**á Norðurlandi vestra**  
 gegn  
**Jóni Ísberg sýslumanni í**  
**Húnavatnssýslu**

Kærumál. Ómerking. Heimvísun.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 með kæru 28. mars sl., sem barst dómnum 15. þ.m. Hann gerir þessar dómkröfur:

„Að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og lagt verði fyrir uppboðshaldara að taka ágreiningsefnið fyrir að nýju í uppboðsréttinum.

Að kæranda verði gefinn kostur á að leggja fram greinargerð máli sínu til stuðnings.

Að aðilum málsins til sóknar og varnar verði tilkynnt um fyrir töku málsins með hæfilegum fyrirvara.“

Af hálfu varnaraðila hefur ekki komið fram formleg greinargerð, en bréflega hefur hann látið þess getið að um kærana sjálfa segði hann ekkert, en hefði talið greinargerð í héraði óþarfa og viljað flýta málinu.

Svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði var fasteignin Blöndubýggð nr. 3 á Blönduósi slegin sóknaraðila á nauðungaruppboði 21. desember 1987. Hann krafðist útlagningar á eigninni sem ófullnægður veðhafi. Ennfremur lét hann á uppboðsþingi bóka eftirfarandi: „Lífeyrissjóður Verkalýðsfél. á Norðurl. vestra áskilur sér rétt til þess, að koma að mótmælum gegn fjárnámskröfum vegna Halldórs Ármannssonar.“ Með bréfi 7. mars sl. mótmælir lögmaður sóknaraðila kröfum tveggja kröfuhafa í uppboðsandvirði eignarinnar. Í bréfinu segir svo: „Mótmælin eru á því byggð að þann 5.6. 1985 kaupir Bentína Jónsdóttir ofangreinda eign af Páli Skúlasyni, sbr. kaupsamning ds. þann dag. Fjárnámin eru gerð skv.

dómum á eiginmann Bentínu Halldór Ármannsson persónulega. Þó Halldór sé eiginmaður Bentínu standa hjúskapareignir Bentínu ekki til fullnustu skuldum Halldórs, er um það vísað til 25. gr. laga nr. 20/1923. Þess er krafist að úrskurðað verði að ofangreindir aðilar Póstur og sími og Skuldaskil hf. eigi ekki kröfu í uppboðsandvirði ofangreindrar eignar. Þess er krafist að umbjóðandi minn Lv.Nv. fái að leggja fram greinargerð máli sínu til stuðnings. Þá er þess krafist að úrskurðurinn verði með forsendum.“

Að svo komnu tók uppboðshaldari málið til úrskurðar og kvað upp í því hinn kærða úrskurð.

Auk ofangreindra röksemda byggir sóknaraðili í kærumáli þessu á því að honum hafi eigi verið gefinn kostur á því að leggja fram greinargerð og tala máli sínu. Sé það t.d. andstætt ákvæðum 2. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 34. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð.

Sjá má af gögnum málsins að ekki liggur fyrir frumvarp að útlutunargerð samkvæmt 34. gr. uppboðslaga. Það þykir þó ekki standa því í vegi, eins og hér háttar til, að rekin verði sérstök uppboðsréttarmál um ágreiningsefni. Að framkomnu bréfi sóknaraðila bar uppboðshaldara sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 og 105. og 106. gr. laga nr. 85/1936 að taka kröfur hans fyrir í uppboðsrétti og ef sátt yrði ekki að reka málið eftir ákvæðum IX. kafla laga um meðferð einkamála í héraði. Réttarfarsafbrigði þessi eru það veruleg, að eigi verður hjá því komist að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og vísa málinu til uppboðsréttarins til löglegrar meðferðar.

#### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

#### Úrskurður uppboðsréttar Húnavatnssýslu 10. mars 1988.

Kaupandi húseignarinnar Blöndubýggðar 3, Blönduósi, en hann fékk eignina sér útlagða sem ófullnægður veðhafi á uppboði 21. des. sl., telur sér ekki skylt að greiða veðskuld framar í veðröðinni, fjárnámskröfu, vegna þess að sú krafa sé á nafni eiginmanns eiganda eignarinnar og vitnar í því sambandi í 25. gr. laga nr. 20, 1923 um réttindi og skyldur hjóna.

Grundvallarákvæði þeirra laga um fjármál hjóna er að finna í 17. gr.

og taka þau af öll tvímæli um að við giftingu fær hvort hjóna um sig fulla hlutdeild í eða hjúskaparrétt yfir eignum maka síns, nema um séreign sé að ræða. Nú er því ekki til að dreifa. Enginn kaupmáli var til á milli hjónanna og enginn gerður. Þess vegna mátti leita fullnustu skuldar skráðrar á nafn mannsins í húseigninni, þótt hún væri skráð á nafn eiginkonunnar.

Ákvæði 25. gr. styrkja einmitt þennan skýlausa vilja löggjafans um jafnan eignarrétt hjónanna þar sem þar er tekið fram, að hvort hjónanna um sig beri ekki aðeins ábyrgð á skuldbindingum sem stofnað er til fyrir hjúskap með séreign sinni heldur einnig hjúskapareign sinni, þ.e. helming sameiginlegra eigna hjónanna.

Þess vegna verður að líta svo á að heimilt hafi verið að gera fjárnám til tryggingar skuldar á nafni eiginmannsins í húseigninni, þótt hún hafi verið skráð á nafn konunnar.

#### Á l y k t u n a r o r ð:

Veðréttur Skuldaskila hf. vegna fjárnámskröfu er viðurkenndur í Blöndubýggð 3 á Blönduósi og ber kaupanda eignarinnar að greiða fjárnámskröfuna, sem veðrétturinn tryggir, ásamt með áföllnum kostnaði.

---